

Fundargerð 948. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 31. maí kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Kjartan Magnússon, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað. Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir mætti í hans stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs - 2308026SA

Niðurstöður úr fyrri hluta kostnaðarmatsverkefnis Sambandsins vegna úrgangsstjórnunar sveitarfélaga liggur nú fyrir en niðurstöðurnar eru trúnaðarmál þar til allri úttekt á kostnaðarmatsverkefninu er lokið. Verkefnið hófst undir lok árs 2023 í samstarfi við fimm sveitarfélög og skiptist í tvo áfanga. Í þeim fyrri hafa ráðgjafar Pure North tekið saman gögn þeirra fimm sveitarfélaga sem eru þátttakendur í verkefninu og unnið greiningu á kostnaði og tekjum þeirra í úrgangsmálum fyrir undangengið ár. Börkur Smári Kristinsson, nýsköpunar- og þróunarstjóri PNR, og Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri PNR, komu inn á fundinn undir þessum lið og greindu frá helstu niðurstöðum þessa hluta verkefnisins. Aðferðarfræði PNR byggist á greiningu kostnaðar út frá hrágögnum, þ.e. reikningum og öðrum upprunalegum upplýsingum um kostnað vegna úrgangspjónustu.

2. Fráveitutilskipun - 2212022SA

Óttar Freyr Gíslason, forstöðumaður Evrópuskrifstofu Sambandsins, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir málinu.

Í ljósi mikils umfangs og áhrifa sem fyrirhugaðar breytingar á fráveitutilskipunni koma til með að hafa á sveitarfélög felur stjórn framkvæmdastjóra að koma á samtali milli hagaðila um samstarf á mótun og sýn á viðbrögðum Íslands. Þá leggur stjórn Sambandsins til að Samráðshópur stjórnarráðsins um fráveitur verði vettvangur þessa samtals og jafnframt er lagt til að Sambandið óski eftir því að hafa tvo fulltrúa í samráðshópnum.

3. **Fundargerð 947. fundar - 2309033SA**
Lögð fram til kynningar fundargerð 947. fundar stjórnar Sambandsins frá 19. apríl 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.
4. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**
Lögð fram fundargerð 96. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 22. apríl 2024.
5. **Fundir Jónsmessunefndar - 2401003SA**
Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 8. maí 2024.
6. **Sprettþópur um stofnun stafræna verkefnastofu - 2405004SA**
Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra þróunarsviðs dags. 7. maí 2024 um samþættingu á stafrænni vegferð hins opinbera.
7. **Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**
Lögð fram fundargerð 28. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 22. maí 2024.
8. **Málefni Grindavíkur - 2311012SA**
Rætt um málefni Grindavíkur en 1. júní mun framkvæmdastjórn taka til starfa. *Framkvæmdastjóra falið að fylgjast vel með málinu og upplýsa stjórn um þróun mála.*
9. **Kjaramálanefnd Sambandsins - 2210010SA**
Lagðar fram sem trúnaðarskjöl fundargerðir 41., 42., 43., 44. og 45. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 1. mars, 21. mars, 5. apríl, 12. apríl og 24. maí 2024

Einar Þorsteinsson vék af fundi kl. 13:55.

10. **Staða kjaramála - 2301032SA**
Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í maí 2024.
11. **Starfshópur um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum - 2301022SA**
Rætt um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum.
12. **Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfrjálssar skólamáltíðir) - óskað umsagnar - 2405021SA**
Lögð fram drög að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. maí 2024, um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfrjálssar skólamáltíðir).
13. **Tilnefning í starfshóp um tillögu að nýjum samningi um samræmda móttöku flóttafólks - 2402037SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 13. mars 2024, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnarsýslusviði Sambandsins, Hera

Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs hjá Reykjanesbæ, og Sigbrúður Erla Arnarsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturmiðstöðvar hjá Reykjavíkurborg, eru tilnefndar í starfshóp um tillögu að nýjum samningu um samræmda móttöku flóttafólks.

14. Tilnefning í starfshóp um málefni fullorðinna með einhverfu - 2403021SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 17. apríl 2024, þar sem Halldóra Jóhannesdóttir Sanko frá Vesturmiðstöð í Reykjavík, og Damian Marek Idzikowski, frá Norðurmiðstöð í Reykjavík, eru tilnefnd í starfshóp um málefni fullorðinna með einhverfu.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

15. Tilnefning í kennararáð - 2403005SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 23. apríl 2024, þar sem Kristín Jóhannesdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs hjá Akureyrarbæ, og Svala Hreinsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, eru tilnefndar í kennararáð.

16. Tilnefning í stjórn Jafnlaunastofu - 2404026SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til Jafnlaunastofu, dags. 15. maí 2024, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar sveitarfélaga, og Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins, eru tilnefnd sem aðalmenn í stjórn Jafnlaunastofu, og Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á sérfræðingur í samninganefnd sveitarfélaga, til vara.

17. Tilnefning í verkefnisstjórn loftslagsmála - 2404011SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 16. maí 2024, þar sem Huguína Geirsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í verkefnisstjórn loftslagsmála, og Gyða Einarsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusvið Sambandsins, til vara.

18. Tilnefning í rýnihópa vegna framkvæmdaáætlunar í farsæld - 2405003SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 16. maí 2024, þar sem Svala Kristín Hreinsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins er tilnefnd í rýnihópin menntun, Alfa Dröfn Jóhannesdóttir, forvarnafulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd í rýnihópin öryggi og vernd, María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd í lífsgæði og félagsleg staða, Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins, er tilnefnd í rýnihópin heilsa og vellíðan og Anna Ingadóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd í rýnihópin þátttaka og félagsleg tengsl.

19. Endurtilnefning í innflytjendaráð - 2201014SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 16. maí 2024, þar sem Anna Ingadóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd í innflytjendaráð.

20. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl. - 2404014SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. apríl 2024, um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.). 830. mál.
21. **Umsögn um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun - virkjunarkostir í vindorku - 2404035SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 3. maí 2024, um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál.
22. **Umsögn um frumvarp til laga um úrvinnslugjald - hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl. - 2405001SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 6. maí 2024, um frumvarp til laga um úrvinnslugjald (hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl.), 924. mál.
23. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029 - 2404033SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 8. maí 2024, um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, 1035. mál.
24. **Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi - 2405005SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 8. maí 2024, um frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál.
Nanný vakti athygli á athugasemdum Ísafjarðarbæjar við 36. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um búnað sem ekki er lengur í notkun. Vill sveitarfélagið að undanþágan falli niður svo það sé skýrt að það sé rekstrarleyfishafa að sjá um að farga búnaði sem er ekki lengur í notkun.
25. **Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ - 2405006SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 8. maí 2024, um frumvarp til laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, 1095. mál.

Fundi var slitið kl. 15:00